



Gjaldskrá

**Byggingarleyfis- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Stykkishólms
Gjöld skv. 51. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010.**

1. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólms hefur ákveðið að setja gjaldskrá til innheimtu kostnaðar vegna byggingarleyfis- og þjónustugjalda byggingarfulltrúa skv. 51. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010. Gjaldskráin tekur til erinda sem koma til afgreiðslu á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa og á nefndarfundum skipulagsnefndar Stykkishólms, sem eru vegna byggingarleyfa, úttekta byggingarfulltrúa, yfirferðar uppdráttu, útgáfu vottorða, útgáfu stöðuleyfa, skjalagerðar, yfirlesturs gagna og allrar annarrar umsýslu og þjónustu sem embætti byggingarfulltrúa Stykkishólms veitir.

Gjaldi vegna byggingarleyfa og annarra gjalda og vinnu sem vísað er til í gjaldskrá skal varið til að standa straum af kostnaði sveitarfélagsins við útgáfu byggingarleyfa, úttekta byggingarfulltrúa, yfirferðar uppdráttu, útgáfu vottorða, útgáfu stöðuleyfa o.fl. sem fram kemur í gjaldskrá. Gjaldskráin byggist á þeirri grunnreglu að aðili sem óskar eftir útgáfu byggingarleyfis eða annarri þjónustu byggingarfulltrúa sem honum ber að veita skuli greiða þann kostnað sem þjónustan hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna yfirferðar uppdráttu, úttekta byggingar, útgáfu vottorða og annarra liða í gjaldskrá. Til slíks kostnaðar telst kostnaður vegna vinnu starfsmanna sveitarfélagsins og hvers konar úttagður kostnaður.

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari taka breytingum skv. byggingarvísítölu mánaðarlega í samræmi við breytingar byggingarvísítölu (grunnur 2021). Grunnvísitalan í nóvember 2023 er 116,4 stig. Tímagjaldi byggingarfulltrúa tekur þó ársfjórðungslegum breytingum í samræmi við launavísítölu fyrir starfsmenn sveitarfélaga.

2. gr.

Vegna vinnu eða aðkeyptrar þjónustu við útgáfu byggingarleyfis og/eða vegna annarrar þjónustu byggingarfulltrúa eða annarra starfsmanna sveitarfélagsins sem óskað er eftir, skal greiða gjöld, sem gjaldskrá þessi kveður á um, sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Fyrir afgreiðslu umsóknar hjá embættinu skal umsækjandi greiða 15.000 kr. í afgreiðslugjald. Í afgreiðslugjaldi felst kostnaður við móttöku og yfirferð erinda sem lögð eru fram á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa og/eða skipulagsnefndar Stykkishólms. Til viðbótar afgreiðslugjaldi koma eftirfarandi gjöld eftir því hvers eðlis málið er:

SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR



Byggingarleyfisgjald.	
Byggingarleyfisgjald fyrir einbýlis-, frístunda-, par-, rað- og fjölbýlishús allt að 6 íbúðir (yfirferð aðal- og séruppráttta, ein útsetning og fokheldi, öryggis- og lokaúttekt)	150.000 kr.
Rúmmetragjald pr. byggðan m ³ af atvinnu- og gripahúsum að hámarki 30.000 m ³ - (Gjald þó ekki lægra en kr. 150.000).	81 kr.
Yfirferð séruppráttta (burðarþols-, lagna- og séruppráttta aðalhönnuða).	
Fjölbýlishús 7-19	122.500 kr.
Fjölbýlishús, 20 íbúðir og fleiri	167.900 kr.
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnu- og gripahúsnæði, allt að 1.000 m ² brúttóflötur	137.800 kr.
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnu- og gripahúsnæði, 1.001-4.000 m ² brúttóflötur	153.100 kr.
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnu- og gripahúsnæði, 4.001 m ² brúttóflötur og stærra	183.744 kr.
Annað húsnæði, þ.m.t. allt að 1.000 m ² brúttóflötur	214.400 kr.
Annað húsnæði, þ.m.t. veitingahús og hótel, 1.001 m ² brúttóflötur og stærra	260.300 kr.
Aðrar minni byggingar, s.s. viðbygging, bílgeymsla, anddyri, sólstofur o.fl.	45.400 kr.
Breyting á notkunarflokk húsnæðis	76.600 kr.
Breyting á innra skipulagi atvinnuhúsnæðis eða sérbýlis, klæðningu húss, svalaskýlis, lóð o.fl.	61.300 kr.
Úttektir.	
Lokaúttekt – Fjölbýlishús allt að 19 íbúðum	107.200 kr.
Lokaúttekt – Fjölbýlishús 20 íbúðir og stærra	137.800kr.
Lokaúttekt – Annað húsnæði, þ.m.t. atvinnu- og gripahúsnæði, allt að 1.000 m ² brúttóflötur	87.000 kr.
Lokaúttekt – Annað húsnæði, þ.m.t. atvinnu- og gripahúsnæði, 1.001-4.000 m ² brúttóflötur	116.000 kr.
Lokaúttekt – Annað húsnæði, þ.m.t. atvinnu- og gripahús, frá 4.001 m ² brúttófleti og stærra	145.000 kr.

SVEITARFÉLAGID STYKKISHÓLMUR



Lokaúttekt – Annað húsnæði, þ.m.t. veitingahús og hótel, allt að 1.000 m ² brúttóflötur	217.500 kr.
Lokaúttekt – Annað húsnæði, þ.m.t. veitingahús og hótel, frá 1.001 m ² brúttófleti og stærra	290.000 kr.
Lokaúttekt – Breyting á notkunarflokkni húsnæðis	72.500 kr.
Lokaúttekt – Breyting á innra skipulagi sérþýlis og atvinnuhúsnæði.	58.000 kr.
Öryggisúttekt (íbúðarhúsnæði er innifalið í byggingarleyfisgjald, nema í undantekningartilfellum)	58.000 kr.
Gjald fyrir hvert útkall, ef verkið er ekki úttektarhæft o.fl.	58.000 kr.
Úttekt við lok niðurrifs mannvirkis	29.000 kr.
Stöðuúttekt byggingarfulltrúa.	29.000 kr.
Gjöld vegna annarrar þjónustu, svo sem útgáfu stakra vottorða.	
Umsögn vegna rekstrarleyfa með úttekt	58.000 kr.
Flutningsheimild (vegna flutnings á húsnæði innan héraðs eða úr héraði)	15.300 kr.
Niðurrif/afskráning eignar	30.600 kr.
Aukamæling í útsetningu húss	Skv. reikningi
Stöðuúttekt vegna byggingarstjóra-/iðnmeistaraskipta	24.000 kr.
Vinna byggingarfulltrúa (t.d ef vinna fer fram úr innheimtu leyfisgaldi)	15.300 kr./klst
Yfirferð teikninga (undanþegin önnur gjöld í 2. gr.)	15.300kr./klst.
Gjöld vegna aðkeyptrar yfirferðar séruppráttta (undanþegin önnur gjöld í 2. gr.)	Skv. reikningi
Endurnýjun á byggingarleyfi (óbreytt)	15.300 kr.
Yfirferð eignaskiptayfirlýsingar, 2-4 eignir	30.600 kr.
Yfirferð eignaskiptayfirlýsingar, 4 eignir eða fleiri	Skv. reikningi
Stöðuleyfi og auglýsingaskilti.	
Stöðuleyfi gáma, skúra og vagna sem háðir eru starfsleyfi	92.479 kr.
Stöðuleyfi gáma 20 ft	87.328 kr.

SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR



Stöðuleyfi gáma 40 ft	123.303 kr.
Tímabundið stöðuleyfi innan lóðar með byggingarleyfi til eins árs	36.766 kr.
Stöðuleyfi lausafjármuna innan atvinnulóðar	36.766 kr.
Leyfisgjald fyrir auglýsingaskilti á skiltastöð (að jafnaði veitt til eins árs)	21.750 kr.
Leyfisgjald fyrir stök auglýsingaskilti (að jafnaði veitt til eins árs)	21.750 kr.

Innifalið í úttektargjaldi er útgáfa vottorða. Falli byggingarleyfi niður eða er afturkallað áður en framkvæmdir hefjast skal endurgreiða gjald vegna úttekta hafi þær ekki farið fram. Jafnframt skal endurgreiða gjald vegna yfirferðar séruppráttu hafi ekki verið búið að skila inn séruppráttum til yfirferðar til byggingarfulltrúa. Byggingarleyfisgjald og afgreiðslugjald endurgreiðist ekki.

Til viðbótar við úttektargjald greiðist tímagjald 14.500 kr./klst. vegna aksturs til og frá úttektarstað auk akstursgjalds sem miðast við 141 kr./km.

3. gr.

Afgreiðslugjald skv. þessari gjaldskrá fellur í gjalddaga við móttoku erindis og skal vera greitt áður en fjallað er um erindi. Byggingarleyfisgjald er innheimt við afgreiðslu á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa. Gjöld vegna vottorða eru gefin út fyrir útgáfu vottorðs. Gjöld vegna stöðuúttekta og öryggisúttekta eru gefin út í kjölfar úttektar.

Samningsfjárhæð samnings skv. 4. gr. gjaldskrár þessarar fellur í gjalddaga við undirritun samnings.

Greiðsla gjalda skv. 2. gr. felur ekki í sér vilyrði fyrir eða samþykki um að viðkomandi beiðni sé samþykkt. Sveitarfélagið getur stöðvað umbeðna vinnu af hálfu byggingarfulltrúa sé gjald vegna hennar í vanskilum.

4. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að gera samning við umsækjanda sem víkur frá ákvæðum þessarar gjaldskrár, enda miði samningurinn að því að raunverulegur kostnaður vegna vinnu byggingarfulltrúa sé að fullu greiddur. Á það til að mynda við um sérstaklega umfangsmiklar og stórar byggingar þar sem rýna þarf teikningar betur og meira en á við um hefðbundnar byggingar.

Þegar vísað er í þessari gjaldskrá til þess að byggingarfulltrúa sé heimilt að gera samning, þá skal byggingarfulltrúi og umsækjandi gera samning sín í milli um viðkomandi verkefni sem byggingarfulltrúi skal hafa umsjón með eða vinna. Semja skal um hámark samningsfjárhæðar sem skal endurspeglar kostnað við vinnu byggingarfulltrúa. Samningsfjárhæð skal vera hámarksreißla umsækjanda, þó að kostnaður reynist meiri en samningur tilgreinir, en ef kostnaður við vinnu byggingarfulltrúa verður lægri skal sá mismunur endurgreiddur. Umsækjandi skal greiða umsamda samningsfjárhæð við undirritun samnings.

SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR



5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af Bæjarstjórn Stykkishólms 14. desember 2023 og sett fram með heimild í 51. gr. í laga um mannvirki, nr. 160/2010, og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1320/2013.

Stykkishólm, 15. desember, 2023.

Jakob Björgvin Sigurðarson Þakobsson,
bæjarstjóri